

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1935.

Opið bréf um að hans konuglega tign Knud, prinz af Danmörku, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 19. maí 1935 (nr. 113).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 25. maí 1935 (nr. 114).

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 76. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi 28. maí 1935 (nr. 115).

Auglýsing um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningi um bætta aðstöðu sjómanna á verzlunarskipum til þess að fá læknishjálp við kynsjúkdómum, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 25. júní 1935 (nr. 116).

Auglýsing um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 108 8. maí 1935, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfir og skipti á dánarbúum, skuli koma í gildi, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 1. júlí 1935 (nr. 117).

Konungsbréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 10. okt. 1935, undirskrifað af konungi 25. september 1935 (nr. 118).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 75 Þingeyjarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Flatey á Skjálfanda.

Með bréfi dags. 10. þ. m., hafið þér herra sýslumaður sent hingað tillögur hreppsnefndar Flateyjarhrepps samþykktar af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á fundi hennar 4.—6. júní þ. á., viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Flatey á Skjálfanda ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hérmeð samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Flatey á Sjálfaflóa, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að norðan bein lína úr Eiðskrók austur í Sjóttjörn. Að austan bein lína úr Sjóttjörn austan við núverandi íshús, fram í sjó. Að öðru leyti er lóðin afmörkuð af sjónum.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og haldi við á hreppsjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.